

Nr. 27/1890.

Jón Torfason

gegn

Jónasi Jónassyni.

## D ó m u r :

Hinn stefndi vinnupiltur, Jónas Jónasson, kærði áfrýjandann húsbónda sinn, Jón Torfason, fyrir það, að hann hefði í haust hinn 10. septembarmán. misþyrmt sjer á ýmsa vegu, barið sig um höfuðið, varpað sjer niður eða því nær það, og sparkað sig með fótunum, svo að blóð hafi gengið upp úr sjer. Út af kærnu þessari var mál höfðað af hálfu hins stefnda gegn áfrýjanda fyrir lögreglurjetti Reykjavíkurkaupstaðar og var það dæmt í tjeðum rjetti hinn 26. sept. síðastliðinn, á þá leið, að áfrýjandinn skyldi greiða stefnda kaup og matarverð fyrir yfirstandandi vistarár 70 kr. 36 aura og að auki 5 krónur í málskostnað, en stefndi hafði gengið úr vistinni frá áfrýjanda jafnframt því, að hann ljet höfða málið á móti honum. Nefndum lögreglurjettardómi hefur Jón Torfason skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 6. okt. þ. á. og gjört þær rjettarkröfur hjer fyrir rjettinum, að hann verði dæmdur sýkn af kærnum stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir undirrjetti og yfirdómi með 30 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Á hinn bóginn gjörir stefndi þá rjettarkröfu, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi 50 kr. eða eptir mati rjettarins.

Það er sannað í málinu með eiðfestum vitnisburðum og að mestu leyti viðurkennt af áfrýjanda, að 10. sept. þ. á. fór stefndi frá verki, er áfrýjandinn, húsbóndi hans, hafði lagt honum fyrir, til að flytja til

nokkra hnakka fyrir annan mann, og barði þá áfrýjandinn hann í bræði sinni nokkur högg um axlirnar og herðarnar og sparkaði eitthvað lítilsháttar í hann með fætinum, en stefndi hrökklaðist undan árásinni og hálf-datt upp að pakkhúsi, er þar var hjá. Ekki er nein sönnun fram komin fyrir því, að blóð hafi gengið upp úr stefnda fyrir þetta, og ekkert sá á honum, nema hvað hann virðist hafa hrufflazt lítið eitt til blóðs á hendinni, að líkindum við það, að áfrýjandi þreif af honum hnakk, sem hann var með í höndunum.

Þó að þessi meðferð á stefnda, sem er á átjándá ári og því eigi undir húsaga, geti eigi rjettlætt með því, að hann hljóp frá verki því, er húsbóndi hans hafði skipað honum, þá verður hún þó eigi talin slík misþyrming, er átt er við í 29. gr. 1. í vinnuhjúatilskipuninni 26. janúar 1866, og stefndi hafði því eigi rjett til að ganga úr vistinni fyrir þá sök og krefjast kaups og matarverðs samkvæmt 30. gr. sömu tilskipunar. Það verður því að breyta hinum áfrýjaði dómi þannig, að áfrýjandinn sje sýkn af kröfum stefnda í þessa átt. Málskostnaður fyrir báðum dómum á eptir atvikum að falla niður.

Því dæmist rjett að vera.

Áfrýjandinn, Jón Torfason, á að vera sýkn fyrir kröfum og kærum hins stefnda, Jónasar Jónassonar, í þessu máli. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

---